

**vís**

# Fjárfestakynning

3F 2023

20. október 2023



# Helstu tíðindi fjórðungsins



## Tryggingarekstur

- Afkoma váttrygginga var jákvæð um 368 m.kr. á 3F
- Áframhaldandi vöxtur í sölu milli ára og mesta aukning í líf- og sjúkdómatryggingum frá árinu 2009
- 3 stórtjón í fjórðungnum sem telja um 5,6% af tjónahlutfalli fjórðungsins
- Samsett hlutfall 94,7%
- Ný netverslun komin í prófanir hjá starfsfólki



## Fjárfestingar

- Fjárfestingatekjur 777 m.kr. á 3F og 1,7% nafnávöxtun
- Varfærin áhersla eignasafns með stuttan meðaltíma skuldabréfa og lítið vægi skráðra hlutabréfa
- Fjárfestingasafnið skilaði góðum árangri á fjórðungnum í samanburði við markað
- Fjárfestingatekjur frá áramótum 3.254 m.kr. og 7,6% nafnávöxtun



## Ný samstæða verður til

- Samstæða VÍS, Fossa og SIV skapar öflugra samstæðu með áherslu á tryggingar, fjárfestingarbankastarfsemi og eignastýringu
- SIV eignastýring hf. hefur nýlega lokið fjármögnun rúmlega 10 ma.kr. creditsjóðs – SIV Credit Fund
- Eignir í stýringu Fossa og SIV um 100 ma.kr, þar af 60 ma.kr. SIV og 40 ma.kr. Fossar<sup>1</sup>
- Hluti af starfsemi Fossa mun flytja í Ármúla 3
- Samstæðan er í ákjósanlegri stöðu og hyggur á frekari vöxt á íslenskum fjármálamarkaði

<sup>1</sup> Eignir í stýringu er hér skilgreindar sem tekjuberandi eignir í stýringu og fjárfestingarráðgjöf í október 2023. Ef ráðstöfun í erlenda sjóði er talin með þá eru tekjuberandi eignir hjá Fossum 60 ma.kr.

Með sameiningu verður til  
**öflugt og framsækið félag**  
á fjármálamarkaði



# Lykiláherslur




Arðbær vöxtur á grunni víðtækari starfsemi og fjölgun tekjustoða

Öflugar rekstrareiningar skapa **sterkari heild** í tekjusköpun og uppbyggingu

Leiðandi í tengingu íslensks atvinnulífs við **alþjóðlegt fjárfestingarumhverfi**

Áhersla á framúrskarandi þjónustu og langtímasamband við viðskiptavini



# Framtíðarsýn og markmið



## Móðurfélag

Hagræði, krosssala og viðskiptaþróun

## Tryggingar



Skaðatryggingar  
Persónutryggingar  
Ráðgjöf

## Fjárfestingarbanki



FOSSAR

Miðlun  
Fyrirtækjaráðgjöf  
Einkabanki  
Eigin viðskipti  
Fjárfestingarbanki

## Eignastýring



SIV EIGNASTÝRING

Eignastýring  
Sjóðastýring

Öflugar rekstrareiningar með skýra sérstöðu

## Rekstrarmarkmið

- innan þriggja ára

Tekjur  
> 36.000 m.kr.

Eignir í stýringu  
> 250 ma.kr.

Hagnaður á hlut  
> 2,5 kr.

# Skýr verkaskipting



## Tryggingar



**Guðný Helga Herbertsdóttir**  
forstjóri VÍS

---

Tryggingastarfsemi  
Skaðatryggingar  
Líf- og sjúkdómatryggingar

## Samstæða



**Haraldur I. Þórðarson**  
forstjóri samstæðu

---

Framtíðarskipulag samstæðu  
Fjármögnun og þróun fjármálastarfsemi  
Samvinna innan samstæðu

# Framkvæmdastjórn samstæðu

Öflugir stjórnendur með mikla reynslu



Haraldur I. Þórðarson  
forstjóri samstæðu



Brynjar Þór Hreinsson  
fjármálastjóri samstæðu



Guðný Helga  
Herbertsdóttir  
forstjóri VÍS



Steingrímur Arnar Finnsson  
forstjóri Fossa



Arnór Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SIV

# Lykiltölur úr rekstri – 3F 2023



Rekstrarreikningur	3F 2023	3F 2022	Br.	Br. %
Tekjur af váttryggingasamningum	6.952	6.393	559	9%
Kostnaður af váttryggingasamningum	-6.345	-5.986	-358	6%
- Tjón tímabilsins	-5.048	-4.766	-282	6%
- Rekstrarkostnaður váttryggingasamninga	-1.297	-1.221	-76	6%
Afkoma af endurtryggingasamningum	-239	-100	-139	140%
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>368</b>	<b>307</b>	<b>62</b>	<b>20%</b>
Aðrar fjárfestingartekjur	183	131	52	40%
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	594	111	483	436%
Rekstrarkostnaður fjárfestinga	-78	-61	-17	28%
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>698</b>	<b>180</b>	<b>518</b>	<b>288%</b>
Fjármagnsliðir váttrygginga	-216	-396	180	-46%
<b>Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði</b>	<b>483</b>	<b>-216</b>	<b>699</b>	<b>-324%</b>
<b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b>	<b>851</b>	<b>91</b>	<b>760</b>	<b>835%</b>
Aðrar tekjur	36	8	28	339%
Annar kostnaður	-79	-9	-70	776%
Aðrir fjármagnsliðir	-95	-142	47	-33%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>712</b>	<b>-52</b>	<b>764</b>	<b>-</b>
Tekjuskattur	-105	-18	-87	493%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>607</b>	<b>-70</b>	<b>677</b>	<b>-972%</b>
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr.	76,0%	76,1%		
Kostnaðarhlutfall váttryggingasamninga	18,7%	19,1%		
Samsett hlutfall	94,7%	95,2%		
Ávöxtun fjáreigna	1,7%	0,8%		
Arðsemi eigin fjár	3,5%	-0,4%		
Hagnaður á hlut	0,35	-0,04		

Váttryggingatekjur  
**6.952 m.kr.**

3F 2022 || 6.393 m.kr

Samsett hlutfall  
**94,7%**

3F 2022 || 95,2%

Ávöxtun fjáreigna  
**1,7%**

3F 2022 || 0,8%

Hagnaður  
**607 m.kr.**

3F 2022 || -70 m.kr.

Arðsemi eigin fjár  
**3,5%\***

3F 2022 || -0,4%

Gjaldþolshlutfall  
**1,73**

3F 2022 || 1,58

\*Fyrir fjórðunginn. | Svarar til 14,6% á ársgrundvelli

Samanburðarfjárhæðum í kynningunni hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17

Allar tölur eru í milljónum króna nema að annað sé tekið fram



# Lykiltölur úr rekstri – 9M 2023



Rekstrarreikningur	9M 2023	9M 2022	Br.	Br. %
Tekjur af váttryggingasamningum	19.631	18.208	1.423	8%
Kostnaður af váttryggingasamningum	-19.143	-17.078	-2.065	12%
- Tjón tímabilsins	-14.864	-13.100	-1.764	13%
- Rekstrarkostnaður váttryggingasamninga	-4.278	-3.978	-301	8%
Afkoma af endurtryggingasamningum	-590	-359	-231	64%
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>-102</b>	<b>771</b>	<b>-873</b>	<b>-113%</b>
Aðrar fjárfestingartekjur	448	294	154	53%
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	2.806	584	2.222	380%
Rekstrarkostnaður fjárfestinga	-239	-197	-42	21%
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>3.015</b>	<b>681</b>	<b>2.335</b>	<b>343%</b>
Fjármagnsliðir váttrygginga	-669	-556	-112	20%
<b>Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði</b>	<b>2.347</b>	<b>124</b>	<b>2.222</b>	<b>-</b>
<b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b>	<b>2.245</b>	<b>895</b>	<b>1.350</b>	<b>151%</b>
Aðrar tekjur	78	34	44	131%
Annar kostnaður	-204	-39	-165	428%
Aðrir fjármagnsliðir	-372	-396	24	-6%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.748</b>	<b>495</b>	<b>1.253</b>	<b>253%</b>
Tekjuskattur	-68	-16	-52	335%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.680</b>	<b>479</b>	<b>1.200</b>	<b>251%</b>
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr.	78,7%	73,9%		
Kostnaðarhlutfall váttryggingasamninga	21,8%	21,8%		
Samsett hlutfall	100,5%	95,8%		
Ávöxtun fjáreigna	7,6%	2,6%		
Arðsemi eigin fjár	9,8%	2,6%		
Hagnaður á hlut	0,98	0,27		

Váttryggingatekjur  
**19.631 m.kr.**

9M 2022 || 18.208 m.kr

Samsett hlutfall  
**100,5%**

9M 2022 || 95,8%

Ávöxtun fjáreigna  
**7,6%**

9M 2022 || 2,6%

Hagnaður  
**1.680 m.kr.**

9M 2022 || 479 m.kr.

Arðsemi eigin fjár  
**9,8%\***

9M 2022 || 2,6%

Gjaldþolshlutfall  
**1,73**

9M 2022 || 1,58

\*Fyrir fyrstu 9M. | Svarar til 13,1% á ársgrundvelli

Samanburðarfjárhæðum í kynningunni hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17

Allar tölur eru í milljónum króna nema að annað sé tekið fram

**VÍS**

# Vátryggingarekstur



# Þróun tekna fjórðungsins




## Vátryggingatekjur

	3F 23	3F 22	3F 23 vs 22	3F 22 vs 21
Skaðatryggingar	6.465	5.964	8,4%	4,9%
Líftryggingar	487	429	13,7%	7,4%
Samtals	6.952	6.393	8,7%	5,1%


## Áframhaldandi viðsnúningur í sölu

- Áframhaldandi viðsnúningur í sölu trygginga á fjórðungnum
- Áfram sjáum við fjölgun trygginga bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum
- 13,7% vöxtur í sölu á líf- og sjúkdómatryggingum og er í takt við markmið okkar. Vöxtur iðgjalda það sem af er ári sá mesti frá árinu 2009
- Starfsfólk byrjað að prófa nýja netverslun sem auðveldar til muna frágang og tilboðsgerð trygginga

## Tekjur af vátryggingasamningum – 12 mánaða meðaltal



## Tekjur af vátryggingasamningum – vöxtur milli ára



# Þróun tjóna fjórðungsins




## Tjónakostnaður

	3F 23	3F 22	3F 23 vs 22	3F 22 vs 21
Skaðatryggingar	4.852	4.506	7,7%	18,4%
Líftryggingar	196	260	-24,4%	28,7%
Samtals	5.048	4.766	5,9%	19,0%


## Hvernig tjón voru þetta?

- Þrjú stórtjón voru í fjórðungnum sem telja um 5,6% af tjónahlutfalli
- Verðlagshækkanir í samfélaginu eru að valda auknum kostnaði tjóna
- Alvarleg brunatjón þar sem iðnaðarhúsnæði hefur verið breytt í íbúðarhúsnæði. Ákall um samstöðu til að tryggja öryggi fólks
- Aukið umfang tjóna hjá fyrirtækjum, sérstaklega í ferðaþjónustu. Það er í samræmi við aukna umferð og aukinn fjölda ferðamanna.

## Tjónahlutfall fjórðungsins




## Fjöldi skráðra tjóna




# Starfsemin




## Samsett hlutfall síðustu 12 mánaða



## Skipting á samsettu hlutfalli



## Rekstrarkostnaður fyrstu níu mánuði ársins




- Vegna breytinga á samstæðu er rekstrarkostnaður 2023 ekki að fullu sambærilegur við fyrri ár
- Einskiptis kostnaður vegna stofnunar SIV eignastýringar, kaupa á Fossum fjárfestingarbanka og breytinga á yfirstjórn nemur um 192 milljónum á fyrstu níu mánuðunum
- Launakostnaður hefur aukist vegna breytinga á fyrirkomulagi sölu og útvíkkunar á starfsemi

# Efnahagsreikningur




	30.09.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>		
Fjárfestingareignir	45.558	44.235
Aðrar eignir	6.104	5.920
<b>Eignir samtals</b>	<b>51.662</b>	<b>50.154</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>17.719</b>	<b>17.325</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.491	3.320
Skuldbinding vegna eftirstæðrar váttryggingaverndar	2.651	2.207
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	23.914	22.881
Aðrar skuldir	3.887	4.422
<b>Skuldir samtals</b>	<b>33.944</b>	<b>32.830</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>51.662</b>	<b>50.154</b>

## Eiginfjárhlutfall




## Skipting váttryggingaskuldar



# Gjaldþol



## Gjaldþolshlutfall



- **Gjaldþolshlutfall** í lok september **1,73**
- **Markaðsáhætta lækkar** aðallega vegna sölu Kerecis
- **Vátryggingaáhætta breytist lítið** milli fjórðunga
- **Mótaðilaáhætta hækkar** vegna hærri innlánsstöðu
- Vænt gjaldþolshlutfall samstæðu eftir **sameiningu VÍS og Fossa** auk **hlutafjárukningar Fossa** er 1,65

## Breyting á gjaldþoli



## Breyting á gjaldþolskröfu




**VÍS**

# Fjárfestingar






# Fjárfestingartekjur og ávöxtun 3F




- **Ávöxtun fjáreigna** 1,7% og fjárfestingartekjur 777 m.kr.
- Góð umframávöxtun í öllum eignaflokkum
- Sterk afkoma af **skuldabréfum** í talsvert krefjandi markaði. Jákvæð afkoma upp á 427 m.kr.
- **Önnur skuldabréf** með 446 m.kr. eða 2,5% nafnávöxtun
- Hækkun **skráðra hlutabréfa** nam 143 m.kr. 2,1% hækkun samanborið við 2,4% lækkun vísitölu skráðra hlutabréfa
- **Óskráð hlutabréf** hækkuðu um 149 m.kr. annars vegar vegna Umbreytingar I um 75 m.kr. og hins vegar SIA III um 70 m.kr.


## Samsetning fjárfestingareigna



## Ávöxtun fjárfestingareigna




# Fjárfestingartekjur og ávöxtun 9M




- **Ávöxtun fjáreigna** 7,6% og fjárfestingartekjur 3.254 m.kr.
- Varfærin áhersla í eignasafni hefur skilað góðri **umframávöxtun** á heildarsafni – umframávöxtun í öllum eignaflokkum á árinu
- Góð afkoma hefur verið af **skuldabréfum**; jafnt ríkisskuldabréfum sem og öðrum skuldabréfum
- **Önnur skuldabréf** skila 1.118 m.kr. eða 6,5% nafnávöxtun
- Góður árangur af safni **skráðra hlutabréfa** sem hafa hækkað um 77 m.kr. eða 1,0% en í samanburði við 14,5% lækkun vísitölu skráðra hlutabréfa
- **Óskráð hlutabréf** hafa skilað 1.640 m.kr. eða 23,2%

## Söguleg nafnávöxtun fjárfestingareigna



\*samsett viðmið fjárfestingasafns VÍS

## Nafnávöxtun fjárfestingareigna á undirflokkum 9M




# Fjárfestingareignir - Skuldabréf




## Skuldabréf og handbært fé 31 ma.kr.


- Meðaltími safns 1,9 ár (1,9 ár í lok 2F 23)
- Verðtryggingarlutfall innlands skuldabréfasafns 44% (42% í lok 2F 23)
- Um 25% af safni á fljótandi vöxtum
- Erlend skuldabréf að mestu erlendir creditsjóðir
- Erlend skuldabréf eru varin fyrir gjaldeyrisáhættu



## 10 stærstu skuldabréfaeignir í m.kr.



## Meðaltími skuldabréfasafns og verðtryggingarlutfall



## Þróun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa - RIKB25 frá árinu 2018




# Fjárfestingareignir - Hlutabréf




## Skráð hlutabréf 7 ma.kr.

- Skráð hlutabréf hækkuðu um 2,1% í fjórðungnum samanborið við um 2,4% lækkun vísitölu
- Jákvæð ávöxtun af skráðum hlutabréfum á árinu, mest telja þar Hampiðjan, Icelandic Salmon og Ölgerðin
- Helstu breytingar í fjórðungnum; SIV Hlutabréf var stofnaður og Amaroq er nýtt félag í safni
- Icelandic Salmon var skráð á First North markaðinn í fjórðungnum

Skráð hlutabréf í lok 3F 2023




Ávöxtun skráðra hlutabréfa



## Önnur hlutabréf 6 ma.kr.

- Óskráð hlutabréf og framtakssjóðir
- Litlar breytingar á virði óskráðra hlutabréfa
- Framtakssjóðirnir Umbreyting I og SIA III hækka í virði í takt við gengi frá umsjónaraðilum
- Nafnávöxtun frá áramótum 23,2%
- Upplýst er um breytingu óskráðra hlutabréfa ársfjórðungslega, ef tilefni er til

Önnur hlutabréf í lok 3F 2023



Fimm stærstu óskráð hlutabréf – virðisbreyting á 2F 23

	Virði í m.kr. 30.09.2023	Virði í m.kr. 30.06.2023	Virðisbreyting í fjórðungnum	Gengi 30.09.2023
Controlant	1.000	1.000	0	120
CORIPHARMA	878	878	0	16,0
BLUE LAGOON ICELAND	707	707	0	1,5*
annata	522	522	0	115,4**
105 MIÐBORG	225	225	0	0,64***

\* eignarhlutur í gegnum Hvatningu slhf. | \*\* eignarhlutur í gegnum VPE AN (VEX)  
\*\*\* fært á 50% varúð vegna óvissu um verkefnið

# SIV eignastýring hf.



**Starfsemi hófst formlega 1. júlí 2023**

**Stýring eignasafns VÍS** færðist til félagsins frá og með júlí

**10,5 ma.kr. áskriftarloforð** bárust í **SIV Credit Fund**, nýjan sjóð um fjármögnun fyrirtækja


Eignir í stýringu eru nú um **60 ma.kr.**

Unnið er að samþættingu Glyms hf. og SIV eignastýringar hf.

Hægt er að fjárfesta í opnum sjóðum félagsins hjá Fossum fjárfestingarbanka, Kviku banka og Íslandsbanka

Nánari upplýsingar má nálgast á :  
**[www.siveignastyring.is](http://www.siveignastyring.is)**


## Sjóðir SIV eignastýringar




# Hluthafar



## Greiðslur til hluthafa í ma.kr.



## Hluthafar 12.10.2023



## Gengispróun frá skráningu\*



\*arðsleiðrétt til 11.10.23

## 10 stærstu hluthafar 12.10.2023

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	8,5%
Skel fjárfestingafélag hf.	8,2%
Gildi lífeyrissjóður	8,2%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8,0%
Sjávarsýn ehf.	7,0%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	6,0%
Klettur fjárfestingar ehf.	4,8%
Stapi lífeyrissjóður	4,2%
Birta lífeyrissjóður	3,3%
H3 ehf.	2,7%

# Horfur



Félagið telur að samsett hlutfall ársins 2023 verði á bilinu **98-100%**

- Farið verður yfir samsett hlutfall hvers ársfjórðungs í uppgjörum félagsins ásamt stöðu og horfum í rekstri félagsins.
- Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf félagsins.

**Langtímamarkmið félagsins**  
**Samsett hlutfall** ekki hærra en **95%**  
**Arðsemi eigin fjár** að lágmarki **15%**



# Fyrirvari



Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskekular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.

Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif. VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.







Þar sem **tryggingar**  
snúast um fólk